

SAMÞYKKT

fyrir veiðifélag Laxár í Leirársveit.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Laxár í Leirársveit. Heimili þess og varnarþing er þar sem formaður á heima.

2. gr.

Félagssvæði félagsins er ósasvæði Laxár og fiskihverfi Laxár frá ósasvæði að ólaxgengum fossi í Draghálsa.

Félagsmenn eru ábúendur eða eigendur eftirtalinna jarða og landareigna: Vestra-Súlunes, Eystra-Súlunes, Bakki, Skorholt, Akurey, Skipanes, Lækur, Beitistaðir, Vogatunga, Leirá, Melkot, Steinsholt, Tunga, Hóll, Hlíðarfótur, Eyri, Kambshóll, Glammastaðir, Dragháls, Geitaberg, Þórisstaðir, Saurbær, Svarfhóll, Hurðarbak, Vestra-Miðfell, Hlíð, Stóri-Lambhagi I, Stóri-Lambhagi II, Stóri-Lambhagi III, Lambhagi, Litli-Lambhagi, Fellsaxlarkot, Litla-Fellsöxl, Kjalardalur, Arkarlækur, Bekasstaðir, Hvítanes I, Hvítanes II, Vallarnes.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og að ráðstafa veiði eftir því sem aðalfundur ákveður. Einnig að stuðla að góðri umgengni um vatnasvæðið og koma í veg fyrir að verklegar framkvæmdir eða önnur starfsemi skaði lífríki þess. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

Stjórn félagsins er heimilt að leigja út tiltekin svæði innan félagssvæðisins, eða allt, til stangveiða í tiltekinn tíma, þó ekki lengur en til fimm ára í senn. Í slíkum samningum skal tekið fram með hve mörgum stöngum heimilt er að veiða samtímis á því svæði sem leigt er, leigutímabil, hvaða veiði er leyfð, heimil veiðitæki, veiðitíma á degi hverjum svo og önnur skilyrði veiði. Samningar til lengri tíma en tveggja ára skulu háðir samþykki félagsfundar. Stjórn félagsins er heimilt að reka gistiaðstöðu og mótuneyti fyrir veiðimenn og leigutaka.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa fimm menn, formaður og fjórir meðstjórnendur. Þeir skulu kosnir á aðalfundi félagsins til þriggja ára í senn. Formaður skal kosinn sérstaklega. Ganga þeir úr stjórn á víxl þannig að formaður gengur út eftir eitt ár, tveir meðstjórnendur eftir tvö ár og hinir tveir eftir þrjú ár og helst svo sama röð áfram.

Á aðalfundi skal kjósa tvo varaméðstjórnendur til eins árs í senn og skal atkvæðavægi ráða hver er fyrsti varamaður. Ef atkvæði falla jöfn skal hlutkesti ráða.

Á aðalfundi skal kjósa tvo skoðunarmenn reikninga til eins árs í senn og einn til vara. Skoðunarmenn reikninga má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna.

Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan kosningu nema sérstök forföll hamli eða hann hafi verið í stjórn þrjú undanfarin ár.

5. gr.

Stjórn félagsins hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Stjórn félagsins skal skipta arði af sameiginlegri veiði á félagsmenn samkvæmt arðskrá sem lögmaður fundur hefur samþykkt eða samkvæmt mati. Stjórnin má ráða sér menn til aðstoðar og semur um þóknun fyrir.

Formaður félagsins er fulltrúi þess út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum. Formaður ber ábyrgð á vörslu gagna félagsins.

Starfsár og reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórnin skal hafa lokið gerð ársreikninga og lagt fyrir skoðunarmenn eigi síðar en einni viku fyrir aðalfund.

6. gr.

Aðalfund félagsins skal halda fyrir lok apríl ár hvert. Aðalfundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað.

Dagskrá aðalfundar er eftirfarandi:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Reikningar og skýrsla skoðunarmanna.
3. Áætlun stjórnar fyrir næsta ár.
4. Tillögur að breytingum á arðskrá eða samþykktum.
5. Kosningar.
6. Önnur mál.

7. gr.

Félagsmenn geta með skriflegu og dagsettu umboði veitt umboðsmönnum heimild til að sækja fund og fara með atkvæðisrétt sinn. Slíkt umboð skal aldrei gilda lengur en þrjá mánuði frá dagsetningu þess.

Félagsmönnum er heimilt að hafa ráðgjafa með sér á fundi. Ráðgjafi hefur hvorki mál-frelsi, tillögurétt né atkvæðisrétt.

Félagsmenn greiða gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

8. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar viðurlögum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

9. gr.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt 52. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, ásamt síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld samþykkt fyrir Veiðifélag Laxár í Borgarfjarðarsýslu nr. 32/1964.

Landbúnaðarráðuneytinu, 5. júní 2001.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.